

BRENDA PREHAL

*Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra
framkvæmda á Neðri-Ási II í Hjaltadal.*



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2021/243

Forsíðumynd: Horft til suðausturs yfir hleðslu á Neðri-Ási II.



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga
2021/243

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðferðarfræði.....	4
Rannsókn.....	4
Lýsing jarðlaga í skurði	6
Túlkun	7
Gripir/sýni	7
Samantekt.....	7
Heimildaskrá.....	8

Inngangur

Að beiðni eiganda Neðra-Áss II í Hjaltadal, tók fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að sér að rannsaka hleðslu sem er á fyrirhuguðum byggingarreit í landi Neðra-Áss II. Fornleifaskráning innan byggingarreitsins var gerð af Minjaverði Norðurlands vestra og var í framhaldinu gerð krafa um að hleðslan yrði rannsökuð.

Tengiliður verkkaupa var Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir.

Rannsóknin fór fram á vettvangi 18. og 21. júní 2021. Vettvangsvinna og skýrslugerð var í höndum Brenda Prehal fornleifafræðings.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 202106-0041

Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS): 2021-37



Mynd 1. Yfirlitsmyndin sýnir byggingarreitinn, í landi Neðra-Áss II, merktann með rauðu og staðsetningu minja sem skráðar voru af Minjaverði Norðurlands vestra, merktar með grænum.

Aðferðarfræði

Gróðurþekjan var hreinsuð ofan af og umhverfis hleðsluna með skóflu og múrskeið. Síðan var tekinn 1 x 1m breiður og um 40 cm djúpur könnunarskurður austan við hleðsluna. Snið í skurðbrúnina mót norðvestri, var teiknað, myndað og því lýst. Hleðslan og skurðurinn voru mæld með Trimble Juno T41/5 gps tæki.

Rannsókn

Lega ISN93: A 487173, N 587651


Hleðslan lá efst á litlum hól um 275m austan við Hjaltadalsá (mynd 2). Hlín Jóhannesdóttir (munnleg heimild: 21.06.21) hafði eftir, Jóni Garðarssyni bónda, að hleðslan hefði upprunalega verið varða sem síðar var breytt í skjól fyrir gæsaveiðimenn og mun hún þegar hafa verið hrunin þegar það var gert. Hleðslunni er svo lýst í minnisblaði Minjavarðar Norðurlands vestra dagsettu 17.03.2021. „Hleðslan er að hluta gróin og um 50sm há þar sem hún er hæst, en grjótlögn liggur út frá NA horni hennar um 150sm til norðurs, tvær til fimm raðir af steinum Eftir hreinsun var hleðslan um 1,2m á breidd, 3,7m að lengd, og allt að 60cm á hæð.



Mynd 2. Hleðslan fyrir hreinsun, horft til S.



Mynd 3. Hleðslan eftir hreinsun, horft til NA.



Mynd 4. Teikningin sýnir uppmælinguna (með gps) af hleðslunni fyrir og eftir að hreinsað var ofan af henni og afstöðu hennar og skurðsins.

Skurðurinn (A487174, N587652) var tekinn austan megin við hleðsluna. Hann var 1x1m að utanmáli og allt að 40cm djúpur. Engin gjóskulög fundust sem hægt var að nota við aldursgreiningu.

Lýsing jarðlaga í skurði

Jarðlögum er lýst frá grasrót og niður að skurðbotni (sjá mynd 5). Efst var allt að 20cm þykkt grasrótarlög og einsleitt fokmoldarlag [001]. Neðan lags [001] var hreint ljósbrúnt silt með þremur stórum steinum [002] sem var allt að 10cm þykkt. Neðan lags [002] var óhreyft lag með mól og sandi [003].



Mynd 5. Vestursnið. Jarðlag [001] samanstendur af grasrót og einsleitri fokmold. Jarðlag [002] er hreint ljósbrúnt silt og lag [003] er óhreyft lag úr mól og sandi.

Túlkun

Grunnt var niður á óhreyfð jarðlög og ekkert benti til þess að þarna hafi verið önnur mannvirki en varða og síðar skjól fyrir gæsaveiðimenn sem heimildamaður gat um.

Gripir/sýni

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

Samantekt

Hreinsað var ofan af og umhverfis grjóthleðslu, sem er innan byggingarreits, í landi Neðra-Áss II í Hjaltadal, að kröfu Minjastofnunar Íslands. Hleðslan var að sögn heimildamanns, leifar skýlis sem notað var við gæsaveiðar. Skýlið var hlaðið úr grjóti úr hruninni vörðu sem þarna stóð. Ekki fundust ummerki sem bentu til þess að þarna hafi verið önnur eða umfangsmeiri mannvirki og benda niðurstöður rannsóknar ekki til annars en að þarna hafi upphaflega verið varða. Engin gjóskulög voru greinanleg og því ekki unnt að aldursgreina minjarnar.

Heimildaskrá

Minnisblað Minjavarðar Norðurlands vestra vegna skoðunar á byggingarreit í landi Neðra-Áss 2 í Hjaltadal. 17.3.2021.

Heimildamaður

Jón Garðarson, bóndi Neðra-Ási 2.